




FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Árangursskýrsla 2016



Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Viddir starfseminnar	5
3	Þjónusta	6
3.1	Mælikvarðar	6
3.1.1	Verfundagerðir á verkefnavef	6
3.1.2	Framvinduskýrslur sendar verkkaupa	7
3.1.3	Kanna ánægju viðskiptavina í árlegri vefkönnun	7
3.1.4	Fjöldi verkefna/verknúmera sem eru í vinnslu á árinu og hlutfall þeirra sem eru kynnt á vef	7
3.1.5	Hlutfall verkefna þar sem frávik raunkostnaðar er innan við 5% af áætlun	7
3.1.6	Hlutfall verkefna í verklegri framkvæmd sem skilað er innan áætlaðs tímaramma	7
4	Fjármál FSR	9
4.1	Mælikvarðar	9
4.1.1	Fjármagnskostnaður sem hlutfall af veltu	9
4.1.2	Afskrifaðar kröfur sem hlutfall af veltu	9
4.1.3	Fjöldi greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í verklegri framkvæmd	10
4.1.4	Hlutfallslegt frávik (tap) rauntalna frá áætlun	10
5	Innra starf	11
5.1	Mælikvarðar	11
5.1.1	Viðhaldsvottun Vottunar hf. tvisvar á árinu	11
5.1.2	Innkaup rekstrarvara samkvæmt rammasamningum verði að minnsta kosti 80% allra innkaupa	12
5.1.3	Samanlagður fjöldi fréttar á fréttaveitu og fréttar frá starfsmannafélaginu Auðvitað	12
5.1.4	Fjöldi fundargerða faghópa	12
5.1.5	Starfsmannafundir haldnir reglulega	12
5.1.6	Minnka prentun á pappír meðal starfsmanna FSR milli ára	13
6	Mannauður	14
6.1	Mælikvarðar	14
6.1.1	Fjöldi starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda	14
6.1.2	Stuðla að símenntun starfsmanna – hlutfall starfsmanna sem sækir símenntun	14
6.1.3	Stuðla að símenntun starfsmanna – fræðslufundir fyrir starfsfólk FSR	15

7	Frumkvæði	16
7.1	Mælikvarðar	16
7.1.1	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir frumathuganir	17
7.1.2	Skráning húsaleigusamninga í samningsvöktunarskjal	17
7.1.3	Yfirfara verklag og útbúa kynningarefni um vinnuumhverfi	17
7.1.4	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir áætlunargerð	18
7.1.5	Hlutfall umsagna um áætlunargerð þar sem FSR kemur að málum	18
7.1.6	Árlegt hlutfall verkefna í umhverfissvottunarferli	18
7.1.7	Aðgengileiki kostnaðarbanka FSR	18
7.1.8	Viðhald og þróun kostnaðarbanka FSR – með bókhald og skilamöt til hliðsjónar	19
7.1.9	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir BIM	19
7.1.10	Hlutfall nýrra framkvæmda og viðbygginga þar sem BIM stig 1 er notað í áætlunargerð og verklegri framkvæmd	20
7.1.11	Frammistaða BIM mæld í BIM verkefnum FSR að lokinni verklegri framkvæmd	20
7.1.12	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl varðandi vistvænar byggingar	20
7.1.13	Öryggisúttektir á verkstöðum á vegum FSR	20
7.1.14	Skráning upplýsinga um slys eða næstum slys í verkfundagerðir í verklegum framkvæmdum	20
7.1.15	Skráning upplýsinga um vistvænar áherslur í verkfundagerðum verklegra framkvæmda	20
7.1.16	Endurbætt skjöl og verklag í verklegum framkvæmdum	21
7.1.17	Endurbætt gæðaskjöl og málþing varðandi verklegar framkvæmdir með tilliti til ofanflóðavarna	21
7.1.18	Verkefni á verkefnavef	21
7.1.19	Hlutfall skilamata sem lokið er innan 12 mánaða frá ábyrgðarúttekt verks	21
8	Samanburður rauntalna við rekstraráætlun fyrir árið 2016	23
8.1	Laun	24
8.2	Ferðir og fundir	24
8.3	Almennar rekstrarvörur	24
8.4	Aðkeypt þjónusta	24
8.5	Húsnæði	24
8.6	Bifreiðar og vélar	24
8.7	Vextir, skattar og afskriftir	24
8.8	Eignakaup	25
8.9	Tilfærslur	25
8.10	Tekjur	25
8.11	Rekstrarleg niðurstaða ársins	25



Veröld, hús Vigdísar, sem hýsir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur við Háskóla Íslands.

1. Inngangur

Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR, vinnur samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi sem byggir á alþjóðlega gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001.

Viðhaldsúttektir Vottunar hf. fóru fram í apríl og október 2016. Engin frávik voru skráð á árinu. Gæðamarkmið stofnunarinnar eru sett fram í skorkorti sem gefið er út árlega.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir árangri Framkvæmdasýslunnar á árinu 2016, bæði hvað varðar þjónustu, fjármál, innra starf, mannauð og frumkvæði. Er það meðal annars gert með því að birta og fjalla um niðurstöður mælinga á mælikvörðum í skorkortinu. Hver vídd starfseminnar fær umfjöllun í sérstökum kafla og í síðasta kaflanum er farið yfir hvernig rekstraráætlun ársins 2016 stóðst með því að bera saman áætlun og rauntölur.

Í samræmi við ný lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, setti FSR fram stefnumótun ríkisaðila til þriggja ára í lok nóvember sl. Í stefnumótunarskjalinu koma fram markmið, aðgerðir og mælikvarðar. Árangursskýrsla FSR mun því breytast á næsta ári.

2. Víddir starfseminnar

Starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins hefur verið flokkuð niður í fimm víddir: Þjónusta, Fjármál FSR, Innra starf, Mannauður og Frumkvæði. Hugmyndin er sú að í hverri vídd sé tekið á áhersluatriðum sem stofnunin hefur sett fram á viðkomandi sviði.

Samkvæmt aðferðafræði samhæfðs árangursmats eru sett fram yfirmarkmið, markmið og mælikvarðar innan hversar víddar sem tengjast þeirri starfsemi eða áherslum sem hver vídd skilgreinir.

Fjallað verður um hverja vídd fyrir sig í þeim köflum sem hér fara á eftir. Tekin verða fyrir þau verkefni og áhersluatriði sem tilheyra viddinni ásamt þeim markmiðum og mælikvörðum sem þar eru sett fram.

Yfirmarkmið frumkvæðisvíddar voru endurskilgreind árið 2013 með hliðsjón af kjarnastarfsemi FSR og til að endurspegla betur ferli opinberra framkvæmda. Í vídd um innra starf var bætt við nýju yfirmarkmið um vistvæna þróun.

Í hverjum kafla er sýnd skjámynd af niðurstöðum skorkortsins til frekari skýringar.

VÍDDIR	A <u>Þjónusta</u>	▶ A.1: <u>Veita viðskiptavinum góða þjónustu</u> ▶ A.2: <u>Viðhalda faglegum vinnubrögðum</u>
	B <u>Fjármál</u>	▶ B.1: <u>Viðhafa markvissa stýringu fjármuna</u> ▲ B.2: <u>Halda fjármálum innan ramma áætlana</u>
	C <u>Innra starf</u>	▶ C.1: <u>Hafa vel skilgreinda og skjalfesta verkferla</u> ▲ C.2: <u>Hafa markvissa og áreiðanlega upplýsingamiðlun</u> ▲ C.3: <u>Vistvæn þróun á vinnustaðnum</u>
	D <u>Mannauður</u>	▲ D.1: <u>Hafa hæft starfsfólk hjá FSR</u> ▲ D.2: <u>Viðhalda góðri og öflugri sérþekkingu</u>
	E <u>Frumkvæði</u>	▲ E.1: <u>Stuðla að vönduðum undirbúningi framkvæmda</u> ▲ E.2: <u>Stuðla að vandaðri áætlunargerð og þróun ráðgjafamarkaðar</u> ▶ E.3: <u>Stuðla að vönduðum verklegum framkvæmdum og framþróun á verktakamarkaði</u> ▼ E.4: <u>Stuðla að vönduðum skilamötum</u>

Skorkort: Skjámynd af inngangssíðu Skorkorts FSR árið 2016. Sjá má víddir og yfirmarkmið.

3. Þjónusta

3.1 Mælikvarðar

Hér er sýnt hvernig Skorkort FSR árið 2016 lítur út fyrir þjónustuvíddina það ár. Síðan er fjallað um hvern mælikvarða og stöðu hans í lok ársins.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2016. Þjónustuvídd með yfirmarkmiðum, markmiðum og mælikvörðum.

3.1.1 Verkfundagerðir á verkefnavef

Framkvæmdasýslan leggur áherslu sem þjónustuaðili á að fulltrúar ráðuneyta og stofnana þeirra hafi ávallt réttar upplýsingar um stöðu þeirra verkefna sem FSR er með í vinnslu fyrir þau hverju sinni. Til að tryggja góða miðlun upplýsinga um gang verka til viðskiptavina eru verkfundagerðir vistaðar á verkefnavef. Stefnt er að tveimur verkfundagerðum á mánuði í hverju verki. Talning fer fram á meðan unnið er að verkefninu en ekki á meðan það er í bið.

Þessi mælikvarði er skoðaður ársfjórðungslega. Ef markmiðið næst í 80% eða fleiri verka þá næst grænn litur, í 65%–79% verka næst gulur litur og færri er rauður.

Eins og sjá má á myndinni fremst í þessum kafla var mælikvarðinn gulur á fyrstu þremur fjórðungum ársins, hlutfallið var 73% á 1. og 3. ársfjórðungi og 69% á 2. ársfjórðungi. Á 4. ársfjórðungi var hlutfall 86% og er mælikvarðinn því grænn.

3.1.2 Framvinduskýrslur sendar verkkaupa

Framvinduskýrsla er gerð mánaðarlega á meðan framvinda er í verki og inniheldur hún meðal annars upplýsingar um framvindu verks (tíma og kostnað).

Mælikvarði er athugaður mánaðarlega en mæling færð í skorkort tvisvar yfir árið, júní og desember. 95% gefa grænt, 90% gefa gult og lægra hlutfall gefur rauðan lit.

Á árinu 2016 gaf mæling á fyrri hluta árs 88% sem gefur rautt. Mæling síðari hluta árs gaf 68% sem einnig gefur rautt.

3.1.3 Kanna ánægju viðskiptavina í árlegri vefkönnun

Gera skal viðhorfsskönnun árlega að hausti meðal viðskiptavina FSR og kynna niðurstöður hennar á fundi gæðaráðs FSR og á starfsmannafundi.

Mælikvarðinn er skoðaður árlega. Könnun gerð og kynnt á báðum fundum gefur grænan lit í skorkorti. Könnun gerð og ekki kynnt á báðum fundum gefur gulan lit í skorkorti. Ef könnun er ekki gerð verður litur rauður.

Könnun fór fram árið 2016 og var kynnt á báðum fundum og er mælikvarðinn því grænn.

3.1.4 Fjöldi verkefna/verknúmera sem eru í vinnslu á árinu og hlutfall þeirra sem eru kynnt á vef

Telja skal fjölda verkefna/verknúmera sem eru í vinnslu á árinu og hlutfall þeirra sem kynnt eru á vef FSR. Markmið er að 90% hlutfall verkefna verði kynnt á vef FSR.

Mæling: 90% hlutfall og yfir gefur grænan lit í skorkorti. 60–89% hlutfall gefur gulan lit. 59% hlutfall og lægra gefur rautt.

Hlutfall verkefna/verknúmera var 48,4% á árinu og mælikvarðinn því rauður.

3.1.5 Hlutfall verkefna þar sem frávik raunkostnaðar er innan við 5% af áætlun

Þegar skilamat hefur verið gefið út fyrir ákveðið verk er raunkostnaðurinn, án kostnaðar við viðbótarverk, borinn saman við áætlunir.

Mælingin er síðan í því fólgin að kanna hversu hátt hlutfall lokinna verka hefur haldist innan 5% viðmiðsins.

Markmiðið er 100% en leyft er 15% frávik fyrir grænan lit og 35% frávik fyrir gulan lit.

Gefin voru út 2 skilamöt á árinu 2016 og voru bæði með innan við 5% frávik. Hlutfall er 100%. Mælikvarðinn ætti því að vera grænn í skorkorti en er rauður þar sem búið var að loka skorkortinu þegar leiðréttu átti hlutfallið.

3.1.6 Hlutfall verkefna í verklegri framkvæmd sem skilað er innan áætlaðs tímaramma

Stefnt er að því að allar verklegar framkvæmdir sem eru í umsjón FSR verði lokið eða þeim skilað innan áætlaðs tímaramma verkefnis.


Mælingin er fólgin í því að kanna hversu hátt hlutfall lokinna verka hefur haldist innan 5% viðmiðsins.

Grænn litur fæst ef 85% eða hærra hlutfall er innan við 5% frá áætlun, gulur fyrir 84–35% og rauður fyrir lægra en 35%.

Af loknum verkefnum var 38% innan við 5% frá áætlun og er mælikvarðinn því gulur.




Drög að útliti leiguhúsnæðis undir starfsemi Hafrannsóknastofnunar.



4. Fjármál FSR

4.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða fjármálavíddarinnar og stöðu hans á árinu 2016. Einnig er sýnt hvernig Skorkort FSR árið 2016 lítur út fyrir víddina.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2016. Fjármálavídd með yfirmarkmiðum, markmiðum og mælikvörðum.

4.1.1 Fjármagnskostnaður sem hlutfall af veltu

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og sýnir fjármagnskostnað FSR sem hlutfall af veltu. Venjulega er ekki um fjármagnskostnað að ræða nema að til greiðslu dráttarvaxta komi.

Markmiðið er 0% en mjög stíf krafa er gerð varðandi þetta hlutfall. Leyft er 0,05% frávik fyrir grænan lit og 0,1% frávik fyrir gulan.

Engir dráttarvextir voru greiddir á árinu 2016. Mælikvarðinn er grænn fyrir árið.

4.1.2 Afskrifaðar kröfur sem hlutfall af veltu

Þessi mælikvarði er skoðaður einu sinni á ári og sýnir endanlega afskrifaðar kröfur FSR sem hlutfall af veltu. Þegar samið er um afslátt telst það ekki afskrift kröfu.

Markmiðið er 0% en leyft er 0,5% frávik fyrir grænan lit og 2,0% frávik fyrir gulan lit.

Kröfur að fjárhæð 1,5 m.kr. voru afskrifaðar á árinu 2016. Mælikvarðinn er því grænn.



Stækkun gestastofu á Hakinu á Þingvöllum.

4.1.3 Fjöldi greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í verklegri framkvæmd

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og sýnir fjölda greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í umsjón FSR. Markmiðið er 100% en leyft er 10% frávik fyrir grænan lit og 30% frávik fyrir gulan. Lægra hlutfall en 30% frávik gefur rauðan lit.

Á fyrri hluta ársins 2016 voru gerðir samtals 5 verkkaupasamningar og innihéldu þeir allir greiðsluáætlanir fyrir greiðslur frá verkkaupa. Niðurstaðan því 100% sem gefur grænan lit.

Á seinni hluta ársins var heildarfjöldi verkkaupasamninga 4 og innihéldu 3 greiðsluáætlanir eða 75% sem gefur gulan lit.

4.1.4 Hlutfallslegt frávik (tap) rauntalna frá áætlun

Rekstraráætlun FSR miðar við að stofnunin sé rekin á núlli ár hvert. Verði hagnaður af rekstrinum telst ekki um frávik að ræða í þessu tilliti. Þessi mælikvarði mælir því eingöngu tap á rekstri.

Markmiðið er 0% en leyft er 4,0% frávik fyrir grænan lit og 10,0% frávik fyrir gulan.

Á árinu 2016 var afgangur af rekstri. Mælikvarðinn er grænn.

Frekari umfjöllun um samanburð á rauntölum við rekstraráætlun ársins er í kafla 8.



Hillur fyrir muni varðveislu- og rannsóknarseturs Þjóðminjasafns Íslands.

5. Innra starf

5.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða víddarinnar um innra starf 2016 og stöðu hans á árinu. Einnig er sýnt hvernig Skorkort FSR árið 2016 lítur út fyrir víddina.

	C. Innra starf
	C.1. Hafa vel skilgreinda og skjalfesta verkferla
	C.1.1 Vinna samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi FSR
	Viðhaldsvottun Vottunar hf. tvisvar á árinu - Frávik (ÖB) (Halldóra Vífilsdóttir)
	Janúar - Júní (0 Fjöldi)
	Júlí - Desember (0 Fjöldi)
	Viðhaldsvottun Vottunar hf. tvisvar á árinu - Athugasemdir (ÖB) (Halldóra Vífilsdóttir)
	Janúar - Júní (5 Fjöldi)
	Júlí - Desember (8 Fjöldi)
	C.1.2 Innkaup í gegnum rammamninga
	Innkaup rekstrarvara skv. rammamningum verði a.m.k. 80% allra innkaupa (SOM) (Sigríður O. Marinósdóttir)
	2016 (100 %)
	C.2. Hafa markvissa og áreiðanlega upplýsingamiðlun
	C.2.1 Góð fréttamiðlun á innri vef FSR
	Samanlagður fjöldi fréttu á fréttaveitu og fréttu frá starfsmannafélaginu Auðvitað verði 15 talsins (IBK) (Halldóra Vífilsdóttir)
	2016 (15 Fjöldi)
	C.2.2 Allir faghópar fundi reglulega
	Fjöldi fundargerða faghópa (BÝÓ) (Berglind Ýr Ólafsdóttir)
	2016 (7,5 Fjöldi)
	C.2.3 Starfsmannfundir haldnir reglulega
	Starfsmannfundir haldnir reglulega (HV) (Halldóra Vífilsdóttir)
	2016 (11 Fjöldi)
	C.3. Vistvæn þróun á vinnustaðnum
	C.3.1 Sýna frumkvæði í umhverfismálum með því að minnka pappírnotkun / útprentun starfsmanna FSR á milli ára
	Minnka prentun á pappír, og kostnað þar að lútandi, meðal starfsmanna FSR á milli ára (SOM) (Sigríður O. Marinósdóttir)
	2016 (2 Stig)

Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2016. Vídd um innra starf; yfirmarkmið, markmið og mælikvarðar.

5.1.1 Viðhaldsvottun Vottunar hf. tvisvar á árinu

Framkvæmdasýsla ríkisins vinnur samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi sem byggir á alþjóðlega gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001.

Gæðastjórnunarkerfi FSR var vottað 30. október 2012 í samræmi við kröfur í stjórnunarstaðlinum ÍST ISO 9001:2008, Gæðastjórnunarkerfi – kröfur.

Mælt var tvisvar á árinu eftir viðhaldsvottun. Mælingin staðfestir niðurstöðu viðhaldsúttektar Vottunar hf.



Verknámshúð Hamar í Fjölbrautaskóla Suðurlands.

a) 0 frávik gefur grænan lit, eitt gefur gulan, tvö eða fleiri rauðan.

b) Færri athugasemdir en 8 gefa grænan lit, 8–12 gefa gulan, fleiri en 13 rauðan.

Niðurstöður fyrri mælingar (a) voru 0 frávik og 5 athugasemdir (b). Það gaf grænan lit í skorkorti.

Niðurstöður seinni mælingar voru 0 frávik og 8 athugasemdir. Það gaf gulan lit í skorkorti.

5.1.2 Innkaup rekstrarvara samkvæmt ramma-samningum verði að minnsta kosti 80% allra innkaupa

Stefnt var að því að innkaup rekstrarvara samkvæmt rammamarkmiðum yrðu að minnsta kosti 80% allra innkaupa.

Í lok árs var kannað hversu hátt hlutfall rekstrarvara var keypt í gegnum rammamarkmið Ríkiskaupa. Ef innkaupin yrðu 80% eða hærra hlutfall yrði mælikvarðinn grænn. Ef innkaupin yrðu 70–79% yrði mælikvarðinn gulur, annars rauður.

Af innkaupum á rekstrarvörum FSR var rammamarkmið notaður í öllum innkaupum (100%). Mælikvarðinn er grænn.

5.1.3 Samanlagður fjöldi fréttar á fréttaveitu og fréttar frá starfsmannafélaginu Auðvitað

Markviss og áreiðanleg upplýsingamiðlun innan stofnunarinnar er mikilvægt markmið til að auka gæði

innra starfs hennar. Til að ná því markmiði var stefnt að því að samanlagður fjöldi fréttar af starfi stofnunarinnar á innri fréttaveitu og fréttar af starfi starfsmannafélagsins yrði 15 talsins.

Markmiðið um 15 fréttir gæfi grænan lit, 5–14 fréttir gulan en færri fréttir rauðan.

Samanlagður fjöldi fréttar var 15 á árinu. Mælikvarðinn er grænn í skorkorti.

5.1.4 Fjöldi fundargerða faghópa

Á árinu 2016 var eins og fyrri ár gert ráð fyrir vissum fundafjölda hjá hverjum faghópi yfir árið, en faghópar innan FSR eru forstjóra til ráðgjafar á viðkomandi sviðum ásamt því sem þeir aðstoða við gerð mælikvarða fyrir skorkort FSR á sínu sviði.

Árið 2016 var gert ráð fyrir að faghópar fundi átta sinnum á árinu.

Mælikvarðinn byggir á reiknuðu meðaltali fjölda funda á árinu samkvæmt fundargerðum.

Mæling: 6–8 fundir á árinu gefa grænt, 4–5 gult og færri fundir rautt.

Niðurstaða talningar í GoPro er að meðalfjöldi faghópsfunda var 7,5 fundir yfir árið og því grænn litur í skorkorti.

5.1.5 Starfsmannafundur haldnir reglulega

Að jafnaði eru starfsmannafundir haldnir mánaðarlega en hafa þó ekki verið haldnir í júlímánuði.

Mæling: 10 fundir eða fleiri gefa grænt, 7–9 fundir gefa gult og 6 fundir eða færri gefa rauðan lit.

Haldnir voru 11 starfsmannafundir á árinu og því grænn litur í skorkorti.

5.1.6 Minnka prentun á pappír meðal starfsmanna FSR milli ára

Markmiðið er að minnka prentun á pappír og kostnað þar að lútandi meðal starfsmanna FSR á milli ára (frá árinu 2015).

a. Mældur verði kostnaður við að prenta á pappír á milli ára, 1. nóv. – 1. nóv.

b. Pappírskostnaður og blekhylljakostnaður.

c. Reiknaður verður kostnaður per starfsmann á ári.

Mæling: Minni kostnaður (þ.e. 2) gefur grænt. Óbreyttur kostnaður gefur gult (þ.e. 1). Aukinn kostnaður gefur rautt (þ.e. 0).

Mælikvarðinn er grænn.




Uppsetning stoðvirkja, á upptakasvæðum snjóflóða til snjóflóðavarna í N - Fífladölum ofan byggðar á Siglufirði.

6. Mannauður

6.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða mannauðsvíddarinnar 2016 og stöðu hvers um sig á árinu. Einnig er sýnt hvernig Skorkort FSR árið 2016 lítur út fyrir víddina.

Markmið og mælikvarðar um öryggismál tilheyra faghópi um verklegar framkvæmdir og er fjallað um þann lið í mannauðsvíddinni frumkvæði.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2016. Mannauðsvídd með yfirmarkmiðum, markmiðum og mælikvörðum.

6.1.1 Fjöldi starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda

Forstjóri ræðir formlega við hvern starfsmann stofnunarinnar einu sinni á ári þar sem farið er yfir frammistöðu og viðhorf starfsmanns til vinnu sinnar. Markmið stofnunar og starfsmanns eru rædd.

Starfsmannasamtöl við 90% eða fleiri starfsmenn gefa grænan lit. Ef rætt er við 70% eða færri verður liturinn rauður. Þar á milli gulur.

Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsmannasamtöl á árinu er 95%. Mælikvarðinn er því grænn.

6.1.2 Stuðla að símenntun starfsmanna – hlutfall starfsmanna sem sækir símenntun

Í rekstraráætlun ársins er gert ráð fyrir ákveðinni fjárhæð fyrir hvern starfsmann sem ætluð er til símenntunar. Þessi fjárhæð er 100.000 krónur á mann á árinu 2016. Símenntun getur einnig falist í námskeiðum eða utanlandsferðum sem starfsfólk tekur þátt í á vegum FSR.

Hlutfall starfsmanna sem sóttu sér símenntun á árinu er 90%. Mæling gefur grænan lit.

6.1.3 Stuðla að símenntun starfsmanna – fræðslufundir fyrir starfsfólk FSR

Til að stuðla að símenntun er lögð fram fræðsluáætlun í upphafi árs. Markmiðið var að halda fimm fræðslufundi fyrir starfsfólk FSR.

Fræðslufundirnir voru:

1. Lean Construction
2. VMS töflur í verkefnastjórnun

3. LCC

4. Vinnuverndarmál

5. Fræðsluáætlun starfsmanna

Mæling. 4–5 fundir gefa grænan lit, 2–3 fundir gefa gulan, 1 eða færri fundir gefa rauðan lit.

Haldnir voru 5 fræðslufundir á árinu og mælikvarði því grænn.



Fangelsið á Hólmsheiði, Nesjavallaleið 9, sem vígt var í júní 2016.

7. Frumkvæði

7.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða frumkvæðisvíddarinnar 2016 og stöðu hans á árinu. Einnig er sýnt hvernig Skorkort FSR 2016 lítur út fyrir víddina. Faghópar FSR skilgreina verkefni og mælingar innan þessarar víddar. Árið 2016 voru 8 starfandi faghópar, Frumathuganir/útvægur húsnæðis og búnaðarmál; Áætlunargerð og vistvænar byggingar; Verkfrumkvæmdir og ÖHU mál; Samningsvöktun/skráning ríkiseigna; Ofanflóðavarnir; BIM, BIM Ísland og verkefnavefur; Kostnaðaráætlanir og Vinnuumhverfi.

▶	E. Frumkvæði
▶	E.1. Stuðla að vönduðum undirbúningi frumkvæmda
▶	E.1.1 Aukin gæði þjónustu og hagræðing hjá FSR í vinnslu frumathugana, við öflun húsnæðis og búnaðarmál, með markvissum og samræmdum vinnubrögðum
▶	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir frumathugun, öflun húsnæðis og búnaðarmál (PBJ) (Halldóra Vífilsdóttir)
■	2016 (4 Fjöldi)
▶	E.1.2 Aukin gæði þjónustu og hagræðing hjá FSR í mállefnum sem varða öflun húsnæðis, samningsvöktun og skráningu ríkiseigna
▶	Skráning húsaleigusamninga í samningsvöktunarskjal (SN/RJ) (Halldóra Vífilsdóttir)
■	2016 (100 %)
▶	E.1.3 Stuðla að bættu vinnuumhverfi
▶	Yfirfara verklag og útbúa kynningarefni um vinnuumhverfi (ÖB) (Halldóra Vífilsdóttir)
■	2016 (2 Fjöldi)
▶	E.2. Stuðla að vandaðri áætlunargerð og þróun ráðgjafamarkaðar
▶	E.2.1 Aukin gæði þjónustu og hagræðing hjá FSR á sviði áætlunargerðar með markvissum og samræmdum vinnubrögðum
▶	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir áætlunargerð (BSE) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2016 (5 Fjöldi)
▶	E.2.2 Þróun samstarfs við verkkaupa um framkvæmd áætlunargerðar og um innihald og framsetningu ráðgjafasamninga
▶	Hlutfall umsagna um áætlunargerð þar sem FSR kemur að málum (BSE) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2016 (43 %)
▶	E.2.3 Aukið hlutfall verkefna með umhverfisstefnu
▶	Árlegt hlutfall verkefna í umhverfissvottunarferli (ÖE) (Halldóra Vífilsdóttir)
■	2016 (1 af/á)
▶	E.2.4 Auka trúverðugleika og nákvæmni kostnaðaráætlana
▶	Aðgengileiki kostnaðarbanka FSR og stöðluð framsetning á upplýsingum úr kostnaðarbanka (GGJ) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2016 (10 Fjöldi)
▶	Viðhald og þróun kostnaðarbanka FSR með bókhald og skilamöt til hliðsjónar (GGJ) (Halldóra Vífilsdóttir)
■	2016 (80 %)
▶	E.2.5 Stuðla að innleiðingu BIM
▶	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir BIM (IBK) (Halldóra Vífilsdóttir)
■	2016 (6 Fjöldi)
▶	Hlutfall nýrra framkvæmda og viðbygginga þar sem BIM stig 1 er notað í áætlunargerð og verklegri framkvæmd (IBK) (Halldóra Vífilsdóttir)
■	2016 (91 %)
▶	Frammistaða BIM mæld í BIM verkefnum FSR að lokinni verklegri framkvæmd (IBK) (Halldóra Vífilsdóttir)
■	2016 (100 %)
▶	E.2.6 Stuðla að vistvænni þróun á byggingarmarkaði
▶	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl varðandi vistvænar byggingar (ÖE) (Halldóra Vífilsdóttir)
■	2016 (2 af/á)

▶	E.3. Stuðla að vönduðum verklegum framkvæmdum og framþróun á verktakamarkaði
▶	E.3.1 Markmið FSR um slysalaus vinnustaði í verklegum framkvæmdum
▶	Öryggisúttektir á verkstöðum á vegum FSR (ÁÓS) (Halldóra Vífilisdóttir)
■	2016 (12 %)
▶	Skráning upplýsinga um slys eða næstum slys, fastur liður í verkfundagerðum allra verka í verklegri framkvæmd (ÁÓS) (Halldóra Vífilisdóttir)
■	2016 (35 %)
▶	E.3.2 Markmið FSR um vistvænar áherslur á vinnustöðum í verklegum framkvæmdum á vegum FSR
▶	Fastur liður í verkfundagerðum allra verka: Skráning upplýsinga um vistvænar áherslur (ÁÓS) (Halldóra Vífilisdóttir)
■	2016 (18 %)
▶	E.3.3 Stuðla að samræmdum vinnubrögðum í verklegum framkvæmdum (bygginga) og eftirliti FSR
▶	Endurbætt skjöl og verklag í verklegum framkvæmdum (ÁÓS) (Halldóra Vífilisdóttir)
■	2016 (2 Fjöldi)
▶	E.3.4 Stuðla að samræmdum vinnubrögðum í ofanflóðavarnarverkefnum og eftirliti
▶	Endurbætt gæðaskjöl og málþing varðandi verklegar framkvæmdir m.t.t. ofanflóðavarna (SHS) (Halldóra Vífilisdóttir)
■	2016 (1 Fjöldi)
▶	E.3.5 Verkefni á stigi verkframkvæmdar fari á verkefnavef
▶	Af öllum verkum sem fara í útboð (á árinu) skal mæla hve mörg verkefni fara á verkefnavef (SOM) (Sigríður O. Marinósdóttir)
■	2016 (62,5 %)
▶	E.4. Stuðla að vönduðum skilamötum
▶	E.4.1 Gerð skilamata
▶	Hlutfall skilamata sem lokið er innan 12 mánaða frá ábyrgðarúttekt verks (SNIBK) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2016 (0 %)

Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2016. Framkvæðisvidd með yfirmarkmiðum, markmiðum og mælikvörðum.

7.1.1 Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir frumathuganir

Til að bæta verklag og árangur var haldið áfram vinnu við endurbætur og rýni gæðaskjala fyrir frumathuganir. Einnig voru ný skjöl unnin.

Mæling: Um er að ræða 8 liði í 4 verkefnum. 3–4 leyst verkefni gefa grænt, 2 gult og færri rautt.

Verkefnin voru:

1. Heildarkostnaðaráætlun SF-026 (5 undirliðir)
2. Vottun: Samvinna við faghóp um áætlunargerð varðandi form fyrir undirbúning verkefna sem eiga að fara í vottun, BREEAM eða aðrar.
3. Verkefni úr ábendingakerfi FSR.
4. Endurskoðun á stöðluðum skjölum frá 2012–2013.

Faghópurinn kláraði öll verkefnin. Mælikvarði er grænn.

7.1.2 Skráning húsaleigusamninga í samningsvöktunarskjal

Skrá á í skjalið alla húsaleigusamninga sem FSR hefur komið að og haft umsjón með síðastliðin 10 ár.

Mæling: 85% eða meira af öllum samningum gefa grænan lit, 70–84% gefa gulan lit og 69% eða lægra hlutfall gefur rauðan lit.

Faghópurinn lauk við skráningu allra samninga (100%) og mælikvarðinn er því grænn í skorkorti.

7.1.3 Yfirfara verklag og útbúa kynningarefni um vinnuumhverfi

Um er að ræða nýlegan faghóp sem starfar tímabundið. Verkefni faghóps eru:

1. Rýna skipulagsskjal SK-025 „Þarfragreining skrifstofuhúsnæðis á vegum ríkisins. Leiðbeiningar og stærðarviðmið“.
2. Gerð kynningarefnis fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir.

3. Prufuverkefni

4. Reynsla af teymisrymum, safna saman heimildum

Mælikvarði: 3–4 leyst verkefni gefa grænan lit, 2 gulan lit og færri rauðan lit.

Faghópurinn lauk við 2 verkefni af 4. Mælikvarðinn er gulur í skorkorti.



Heilsugæslustöðin Reykjavíð í Mývatnssveit sem vígð var í ágúst 2016.

7.1.4 Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir áætlunargerð

Til að bæta verklag og árangur við áætlunargerð var haldið áfram vinnu við að bæta og búa til ný gæðaskjöl. Um var að ræða sex verkefni:

1. Leiðbeining um framsetningu umhverfissvottana (BREEAM) í hönnunargögnum þ.e. verklýsingu, útboðs- og samningsskilmálum.
2. SF-043 Skilgreining verkefnis. Rýna meðal annars með hliðsjón af kröfum til ráðgjafa á útboðstíma og verktíma.
3. SF-050 Ráðgjafarsamningur. Rýna meðal annars með hliðsjón af kröfum til ráðgjafa á útboðstíma og verktíma.
4. Flæðirit fyrir VL-007 Áætlunargerð. Lokavinnsla. Ganga frá tillögu að flæðiriti verklagsreglu VL-007 og senda til gæðaráðs.
5. Handbók hússins (MAN 4, Building User Guide). Gera tillögu að ramma fyrir handbók hússins byggða á BREEAM kröfu MAN 4 Building User Guide.

6. Verkefni frá gæðaráði til dæmis úr ábendingakerfi FSR. Verkefnum er lokið þegar faghópur hefur sent gæðaskjöl til gæðastjóra/gæðaráðs.

Mæling: 5–6 leyst verkefni gefa grænan lit, 3–4 gulan og færri rauðan.

Faghópurinn lauk við 5 verkefni af 6. Mælikvarðinn er grænn í skorkorti.

7.1.5 Hlutfall umsagna um áætlunargerð þar sem FSR kemur að málum

Talinn er heildarfjöldi umsagna um áætlunargerð sem FSR hefur unnið á árinu.

Mælikvarði: Hafi FSR komið að málum í yfir 80% umsagna gefur það grænan lit. Í 50–80% verður liturinn gulur, undir 50% rauður.

Umsjón FSR með áætlunargerð var í 3 verkefnum af þeim 7 sem miðað var við. Hlutfall var 43%. Mælikvarði er rauður í skorkorti.

7.1.6 Árlegt hlutfall verkefna í umhverfissvottunarferli

FSR er í fararbroddi í að innleiða vistvænar vinnuaðferðir í byggingariðnaði. FSR sýnir frumkvæði með því að koma byggingaverkefnum í umsjón stofnunarinnar í vistvænt vottunarferli.

Til að mæla árangur þeirrar viðleitni FSR var borinn saman fjöldi verka í umhverfissvottunarferli milli áranna 2015 og 2016.

Mælikvarði: Óbreytt hlutfall gefur gulan lit (1), hærra hlutfall gefur grænan (2) og minnkað hlutfall gefur rauðan lit (0).

Hlutfall verkefna í umhverfissvottunarferli er óbreytt eða 88%. Mælikvarði er því gulur.

7.1.7 Aðgengileiki kostnaðarbanka FSR

Mikilvægt er að geta á aðgengilegan hátt nálgast upplýsingar um fjárhagslega niðurstöðu verkefna í umsjón FSR.



Í viðbyggingunni við Menntaskólann við Sund.

Verkefnið er að gera kostnaðarbankann aðgengilegan fyrir allt starfsfólk FSR með því að útbúa kostnaðarbankann með fyrirfram skilgreindum yfirlitsmyndum sem nýtast við áætlanagerð FSR og samanburð á milli verkefna.

Mæling: Þrjár eða fleiri staðlaðar yfirlitsmyndir gefa grænan lit, ein til tvær gefa gulan lit, rauður litur ef ekkert er gert.

Faghópur lauk við 10 staðlaðar yfirlitsmyndir og mælikvarðinn er því grænn.

7.1.8 Viðhald og þróun kostnaðarbanka FSR – með bókhald og skilamöt til hliðsjónar

Mikilvægt er að auka trúverðugleika og nákvæmni kostnaðaráætlana þannig að öruggari upplýsingar séu til grundvallar framkvæmdum. Slíkt er meðal annars gert með því að viðhalda og þróa kostnaðarbanka FSR.

Verkefnið er að uppfæra kostnaðarbanka FSR. Færðar skulu inn upplýsingar úr útgefnum skilamötum á árinu 2016 vegna verkefna sem eru í bókhaldi hjá FSR sem og þeirra verkefna sem eru utan bókhalds FSR.

Markmiðið er að eiga öruggari upplýsingar til grundvallar við gerð kostnaðaráætlana verkframkvæmda.

Mæling: 80% innfært í kostnaðarbankann er grænn litur. 60–79% er gulur litur. Færri en 60% er rauður litur.

Faghópurinn færði inn 80% í kostnaðarbankann og mælikvarðinn er því grænn í skorkorti.

7.1.9 Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir BIM

Verkefnin voru:

1. Verkefnishandbók hönnuða. Lokavinnsla verkefnishandbókar í samvinnu við IBK.
2. Verkefnishandbók fyrir verklega framkvæmd. Byggt á verkefnishandbók hönnuða.
3. Leiðbeining um framsetningu BIM í hönnunargögnum (verklýsing, útboðs- og samnings-skilmálar).
4. Rýna möppustrúktúr með tilliti til nýrrar útgáfu frá BIPS og leggja til hvort FSR ætti að uppfæra.
5. Rýna og uppfæra LB-019 samhliða verkefni um möppustrúktúr.
6. Verkefni (úr ábendingakerfi FSR)

Verkefni er lokið þegar faghópur hefur sent gæðaskjöl til gæðaráðs.

Mæling: 4–6 leyst verkefni gefa grænan lit, 2–3 gulan og 2 eða færri rautt.

Faghópurinn lauk við öll 6 verkefnin. Mælikvarðinn er því grænn.

7.1.10 Hlutfall nýrra framkvæmda og viðbygginga þar sem BIM stig 1 er notað í áætlunargerð og verklegri framkvæmd

Markmiðið er að megin verkefni FSR í nýjum framkvæmdum og viðbyggingum séu á BIM sigi 1 í áætlunargerð og verklegri framkvæmd.

Mæling: 85–100% verkefna gefa grænan lit, 61–84% gulan og 60% og minna rautt.

Hlutfallið er 91% og mælikvarðinn er því grænn í skorkorti.

7.1.11 Frammistaða BIM mæld í BIM verkefnum FSR að lokinni verklegri framkvæmd

Hlutfall BIM verkefna þar sem frammistaða er mæld.

85–100% gefa grænan lit, 61–84% gulan og 60% eða minna rauðan.

Engu BIM verkefni lauk á árinu og því er ekki hægt að mæla frammistöðu. Hlutfallið er því 100% og mælikvarðinn grænn í skorkorti.

7.1.12 Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl varðandi vistvænar byggingar

FSR er í fararbroddi við innleiðingu á vistvænum vinnuáðferðum í byggingariðnaði.

Á vegum FSR eru margar byggingar í ferli þar sem unnið er að vottun þeirra sem vistvænar byggingar samkvæmt vottunarkerfinu BREEAM (Building Research Establishment Environmental Assessment Method).

Verkefni faghóps um áætlunargerð og vistvænar byggingar fyrir árið 2016 var:

1. Leiðbeining um framsetningu BREEAM í hönnunargögnum. Texti 0-greina geti verið kröfubindandi fyrir verkliði sama kafla sem bera kostnað.

Verkefni er lokið þegar faghópur hefur sent gæðaskjöl til gæðastjóra/gæðaráðs.

Mælikvarði: Verkefni leyst gefi grænan lit (2), drög að leiðbeiningum gefa gulan lit (1) og verkefni ekki unnið gefur rauðan lit (0).

Faghópurinn leysti verkefnið. Mælikvarðinn er því grænn.

7.1.13 Öryggisúttektir á verkstöðum á vegum FSR

FSR stefnir að því með markvissum hætti að allir vinnustaðir í verkum sem FSR hefur umsjón og eftirlit með verði slysalausir.

Öryggisfulltrúi FSR mun gera sjálfstæðar úttektir á verkstöðum sem eru í verklegri framkvæmd á vegum FSR.

Mælikvarði skoðaður einu sinni á ári.

Mæling: 80% og yfir grænt, 50–79% gult og 49% eða lægra rautt

Mælingar voru 12% (2 verkefni af 17) þetta árið frá faghópi og er mælikvarði því rauður.

7.1.14 Skráning upplýsinga um slys eða næstum slys í verkfundagerðir í verklegum framkvæmdum

FSR stefnir að því að allir vinnustaðir í verkum sem FSR hefur umsjón og eftirlit með verði slysalausir.

Upplýsingar um slys eða næstum slys skal skrá í verkfundargerðir.

Mælikvarði er skoðaður einu sinni á ári.

Mæling: 80% og yfir grænt, 50–79% gult og 49% eða lægra rautt.

Mælingar voru 35% (6 verkefni af 17) þetta árið frá faghópi og er mælikvarði því rauður.

7.1.15 Skráning upplýsinga um vistvænar áherslur í verkfundagerðum verklegra framkvæmda

FSR stefnir að því að á öllum vinnustöðum í verkum sem FSR hefur umsjón og eftirlit með verði unnið með vistvænar áherslur.

Skoðaðar verða fundargerðir í verkum í verklegri framkvæmd 2016.

Mælikvarði er skoðaður einu sinni á ári.

Mæling: 80% og yfir grænt, 50–79% gult og 49% eða lægra rautt.

Mælingar voru 18% (3 verkefni af 17) þetta árið frá faghópi og er mælikvarði því rauður.

7.1.16 Endurbætt skjöl og verklag í verklegum framkvæmdum

Verkefni faghóps um verklegar framkvæmdir:

1. Endurskoðun LB-019 Vistun gagna, m.t.t. gagna í verklegri framkvæmd.
2. Endurskoðun gátlista verkefnastjóra í verklegri framkvæmd.
3. Efnissamþykktir; verklag og vistun, aðkoma hönnuða að samþykki (samvinna við Áætlanagerð).
4. Öryggismat vinnustaðar; stigagjöf með litakóða.

Verkefnum er lokið þegar faghópur hefur sent gæðaskjöl til gæðastjóra/gæðaráðs.

Mæling: 3–4 verkefni leyst gefa grænan lit, 1–2 gulan og engin rauðan.

Faghópur lauk við 2 verkefni á árinu. Mælikvarði er því gulur.

7.1.17 Endurbætt gæðaskjöl og málþing varðandi verklegar framkvæmdir með tilliti til ofanflóðavarna

Verkefni faghóps um ofanflóðavarnir voru eftirfarandi:

1. Fagfundur (málþing) með hönnuðum og snjóflóðasérfræðingum.
2. Gátlisti vegna viðhalds og eftirlits á upptaka-stöðvirkjum (netum) í Drangagili Neskaupstað.
3. Gátlisti vegna eftirlits og viðhalds á ofanflóðamannvirkjum almennt.

Verkefnum er lokið þegar faghópur hefur sent gæðaskjöl til gæðastjóra/gæðaráðs.

Mæling: 3 verkefni leyst gefa grænt, 1–2 verkefni leyst gefur gult, annars rautt.

Faghópur skilaði 1 verkefni. Mæling gefur gulan lit.

7.1.18 Verkefni á verkefnavef

Verkefnið var að telja öll verk FSR sem fóru í útboð á árinu 2016. Telja síðan hve mörg af þessum verkum eru (fóru) á verkefnavef.

Mæling: 50–100% grænt, 40–49% gult, minna en 40% gefur rautt.

62,5% verkefna fóru inn á verkefnavefinn. Mæling gefur grænan lit.

7.1.19 Hlutfall skilamata sem lokið er innan 12 mánaða frá ábyrgðarúttekt verks

Verkefnið var að telja skilamöt sem gerð voru innan 12 mánaða frá ábyrgðarúttekt verks.

Mæling: 80% og yfir gefa grænt, 50%–79% gefa gult og undir 50% gefa rautt.

Á árinu 2016 voru gefin út 2 skilamöt en hvorugt þeirra var gefið út innan 12 mánaða frá ábyrgðarúttekt verks. Mælikvarði er því rauður.



Krapaflóðsvarir í og við farveg Hlíðarendaár, Eskifirði.



8. Samanburður rauntalna við rekstraráætlun fyrir árið 2016

Hér að neðan má sjá samanburð rauntalna við rekstraráætlun Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2016. Í köflum 8.1 til 8.10 verður fjallað nánar um hvern rekstrarlið.

	Rauntölur	Rekstraráætlun	Frávik	%
01 Laun	235.623.752	252.104.848	16.481.096	6,5%
011 Dagvinna	171.280.024	189.256.380	17.976.356	9,5%
013 Aukagreiðslur	3.608.135	1.049.200	-2.558.935	-243,9%
014 Yfirvinna	15.613.683	12.188.274	-3.425.409	-28,1%
015 Launatengd gjöld	45.121.910	49.610.994	4.489.084	9,0%
02 Ferðir og fundir	11.280.133	10.672.280	-607.853	-5,7%
021 Ferða og dvalarkostnaður innanlands	1.994.342	380.000	-1.614.342	-424,8%
022 Ferða og dvalarkostnaður erlendis	2.028.671	2.482.280	453.609	18,3%
023 Fundir, námskeið og risna	2.615.719	4.110.000	1.494.281	36,4%
024 Akstur	4.641.401	3.700.000	-941.401	-25,4%
03 Rekstrarvörur	3.329.029	4.000.000	670.971	16,8%
031 Tímarit, blöð og bækur	121.335	330.000	208.665	63,2%
032 Skrifstofuvörur og áhöld	2.111.981	1.950.000	-161.981	-8,3%
033 Aðrar vörur	1.095.713	1.720.000	624.287	36,3%
04 Aðkeypt þjónusta	35.226.575	31.799.800	-3.426.775	-10,8%
041 Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	9.617.107	11.017.000	1.399.893	12,7%
042 Önnur sérfræðipjónusta	10.402.356	9.828.800	-573.556	-5,8%
043 Sími og ýmis leigugjöld	13.935.762	9.914.000	-4.021.762	-40,6%
044 Prentun, póstur, augl., flutningar	1.271.350	1.040.000	-231.350	-22,2%
05 Húsnæði	10.034.470	9.043.000	-991.470	-11,0%
051 Húsaleiga og aðk. ræsting	9.810.222	8.683.000	-1.127.222	-13,0%
052 Rafmagn og heitt vatn	224.248	360.000	135.752	37,7%
06 Bifreiðar og vélar	280.000	280.000	0	0,0%
062 Brensluefni og olíur	280.000	280.000	0	0,0%
07 Rekstrarkostnaður	14.905.568	7.420.000	-7.485.568	-100,9%
071 Vextir, bætur, skattar	4.182.562	0	-4.182.562	
072 Eignakaup	9.843.058	6.570.000	-3.273.058	-49,8%
073 Tilfærslur	879.948	850.000	-29.948	-3,5%
Rekstrarkostnaður alls	310.679.527	315.319.928	4.640.401	1,5%
08 Sértekjur	-331.498.801	-318.594.983	12.903.818	-4,1%
Rekstrarhalli (-rekstrarafgangur)	-20.819.274	-3.275.055	17.544.219	-535,7%

8.1 Laun

Launagjöld eru stærsti útgjaldaliður í rekstri stofnunarinnar. Á árinu 2016 námu þau tæpum 236 m.kr. eða tæpum 76% af heildargjöldum.

Launagjöld hækkuðu milli ára um sem nemur 3,4%. Miðlægir kjarasamningar hafa þar mest um að segja en almennt hækkuðu launataxtar um 5,5% frá 1. júní hjá öllum stéttarfélagum starfsmanna Framkvæmdasýslunnar að SFR undanskildu en þar hækkuðu taxtar um 6,5%. Auk þessa komu til hækkunar samkvæmt stofnanasamningum, svo sem vegna starfsaldurs og byggingarstjórnar. Á móti virkar til lækkunar að ekki voru ráðnir nýir verkefnastjórnar á árinu í stað þeirra sem létu af störfum. Launaliður var 6,5% undir áætlun ársins.

Nokkar breytingar urðu á mannhaldi stofnunarinnar á árinu. Þannig hættu fjórir verkefnastjórnar. Þetta eru Ingibjörg Birna Kjartansdóttir, Ívar Már Markússon, Jón Richard Sigmundsson og Þorvaldur Stefán Jónsson. Þá lét bókari stofnunarinnar Guðrún Valgerður Árnadóttir af störfum. Ingibjörg Guðveig Ólafsdóttir var ráðin inn í starf móttökuritarar.

Í lok ársins 2016 störfuðu 19 starfsmenn hjá FSR í 18,8 stöðugildum auk ræsttækis.

8.2 Ferðir og fundir

Ferða- og fundakostnaður nam 3,6% af heildarkostnaði ársins.

Ferðakostnaður innanlands samanstendur af ferðum vegna verkefna úti á landi auk ferða stjórnenda FSR á fundi eða opnanir mannvirkja. Liður þessi var 1,6 milljónum króna yfir áætlun en þess ber að geta að tekjur koma á móti þeim ferðum sem farnar eru vegna verkefna úti á landi. Kostnaðarliðurinn hefur því ekki bein áhrif á rekstrarafkomu FSR þar sem FSR leggur eingöngu út fyrir þessum kostnaði. Þar sem vandkvæðum er bundið að áætla með mikilli nákvæmni hve mikill kostnaður fellur til á komandi ári vegna verkefna var valin sú leið að áætla eingöngu fyrir kostnaði sem hefur áhrif á rekstrarafkomu FSR eða 380 þúsundir króna.

Stofnunin hélt ferðakostnaði erlendis í lágmarki og varð sá kostnaðarliður undir áætlun ársins sem nemur 18%. Sama á við um funda- og námskeiðskostnað. Á árinu var alls farið

í tíu ferðir til útlanda á vegum stofnunarinnar.

Rekstrarliðurinn akstur varð hins vegar hærri en áætlun gerði ráð fyrir, en sama á við um akstur og ferðakostnað innanlands, þ.e. að tekjur koma á móti útlögðum kostnaði sem til fellur vegna verkefna.

8.3 Almennar rekstrarvörur

Almennar rekstrarvörur eru ekki stór hluti af útgjöldum FSR og námu alls 1% af heildarkostnaði ársins. Rekstrarliðurinn var undir áætlun ársins sem og lækkaði frá fyrra ári.

8.4 Aðkeypt þjónusta

Þjónustugjöld eru einn stærsti gjaldaliður FSR og námu á árinu rúmum 11% af heildarútgjöldum.

Aðkeypt þjónusta fór tæp 11% fram úr því sem áætlað var vegna ársins og hækkaði á milli ára um 5 m.kr. eða tæp 17%. Meginástæða fyrir hækkun á milli ára eru aukin kaup á hugbúnaði og hugbúnaðarleyfum og hækkun á afnotagjöldum.

8.5 Húsnæði

Húsnæðiskostnaður ársins nam rúmum 3% af heildarútgjöldum.

Framkvæmdasýsla ríkisins er til húsa í Borgartúni 7A. Kostnaður vegna húsnæðis fór tæpri 1 m.kr. fram úr áætlun eða um 11% vegna tilfallandi aukinna þjónustukaupa.

8.6 Bifreiðar og vélar

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur enga bifreið til umráða. Um er að ræða lítilsháttar tilfallandi kostnað.

8.7 Vextir, skattar og afskriftir

Rekstrarliðurinn nemur rúmu 1% af heildarútgjöldum.

Á árinu lækkaði afskriftasjóður um 2,5 m.kr. og stendur í lok ársins í 14 m.kr. Að baki þeirri fjárhæð standa þrjár kröfur. Gefinn var afsláttur af vinnu vegna Náttúrufræðistofnunar að fjárhæð 1.5 m.kr.

Önnur útgjöld undir rekstrarliðnum eru vegna fjármagnstekjuskatts og gengismunar.

8.8 Eignakaup

Eignakaup námu rúmum 3% af heildarútgjöldum.

Eignakaup tæpum 50% meiri á árinu en gert hafði verið ráð fyrir í rekstraráætlun. Skýrist það af meiri þörf fyrir endurnýjun á tölvubúnaði en fyrirséð var og af kaupum á ljósritunarvél. Þá voru öll skrifborð endurnýjuð hjá stofnuninni á árinu.

8.9 Tilfærslur

Styrkjum var haldið í algjöru lágmarki á árinu.

8.10 Tekjur

Tekjur ársins námu rúmri 331 m.kr. sem er 4% hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun og tæpum 10% hærri en tekjur fyrri árs. Engin framlög voru til stofnunarinnar á fjárlögum.

8.11 Rekstrarleg niðurstaða ársins

Niðurstaða rekstrar Framkvæmdasýslu ríkisins árið 2016 er að rekstrarkostnaður varð tæpum 5 m.kr. lægri en rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Rekstrartekjur urðu tæpum 13 m.kr. hærri en ráð var fyrir gert eða 4% af áætluðum tekjum. Rekstrarafkoma var jákvæð um sem nemur 21 m.kr. Rekstraráætlun ársins hafði gert ráð fyrir rekstrarafgangi upp á 3,3 m.kr. Launagjöld námu tæpum 76% af útgjöldum og önnur gjöld því rúmum 24%.

Sé reksturinn borinn saman við árið á undan hækkuðu tekjur um tæpar 29 m.kr. eða tæp 10%. Gjöld hækkuðu um tæpar 10 m.kr. eða rúm 3%. Þar af hækkuðu launagjöld um tæpar 8 m.kr. eða rúm 3% og önnur gjöld um rúmar 2 m.kr. eða 3%.

Það er von höfunda að skýrsla þessi gefi lesendum gott yfirlit yfir starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins á árinu 2016.

Reykjavík, 8. júní 2016

Halldóra Vífilsdóttir

Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri



Vinningstillaga arkitektastofunnar Studio Granda að skrifstofubyggingu fyrir Alþingi.



www.fsr.is

